

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grindavíkurbæ.

*Iðnaðarsvæði við Eyjabakka.*

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Eyjabakka skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er 33 ha að stærð á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem iðnaðar- og hafnarsvæði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 113 lóðum fyrir fjölbreytta starfsemi. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 19. október 2011. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grindavík, 19. júlí 2012.*

**Róbert Ragnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2012